

AÐALSKIPULAG DALABYGGÐAR 2020-2032

MINNISBLAÐ

VERKNÚMÉR: 20003
VERKHLUTI: 001
HÖFUNDUR: EBK og Eij

DAGS.: 3.3.2021
NR.:
ÚTGÁFA

Frumdrög – til athugunar

Hér liggja fyrir frumdrög aðalskipulags Dalabyggðar, frumdrög greinargerðar og uppdráttar. Eðli málsins samkvæmt eru einstakir hlutar aðalskipulagsins mislangt komnir í vinnslu og fjölmörgum spurningum er ósvarað. Áætlað er að vinnslutillaga aðalskipulagsins verði tilbúinn í vor og gert er ráð fyrir að umhverfis- og skipulagsnefnd verði upplýst reglulega um vinnslu draga og ráðgjafar vísi til hennar spurningum eða atriðum sem taka þarf ákvörðun um við gerð vinnslutillögunnar. Neðangreindir eru nokkrir punktar til umfjöllunar á þessu stigi.

Drög að leiðarljósi aðalskipulagsins

Í frumdrögum er að finna tilraun til skilgreiningar leiðarljóss fyrir aðalskipulagið. Leiðarljósið er unnið upp úr þeim áherslum og hugmyndum sem komu fram á fundum með sveitarstjórn, umhverfis- og skipulagsnefnd og öðrum nefndum Dalabyggðar frá október 2020 til febrúar 2021. Tillagan er eftirfarandi:

Í aðalskipulagi Dalabyggðar er eftirfarandi haft að leiðarljósi, auk markmiða skipulagslaga og leiðarljóss landsskipulagsstefnu.

Dalabyggð stefnir að því að verða hæglætissamfélag með sterkar rætur í sögu, menningu og náttúru svæðisins. Í því felst að vinna að auknum lífsgæðum íbúa, sjálfbærni daglegs lífs og þoli samfélagsins gagnvart umhverfis- og samfélagsbreytingum. Skapa góð skilyrði fyrir heilbriggt, skemmtilegt og fjölskylduvænt samfélag, þróttmikið mennta- og menningarstarf og öflugt atvinnulíf.

Í aðalskipulaginu er vísað til hugtaksins hæglætislífs eða haglætissamfélags og það hefur ákveðna samsvörun í hugmyndafræði hæglætisstefnunnar (e. cittaslow). Um er að ræða andrúmsloft og nálgun sem Dalabyggð telur eftirsóknaverða og hefur m.a. verið nýtt í markaðssetningu sveitarfélagsins.

Við gerð aðalskipulagsins er m.a. byggt á stefnumótunarvinnu Dalabyggðar, „Stefna Dalabyggðar 2019 – 2022“ þar sem unnið er með þrjú gildi, þ.e. jákvæðni, virðing og framsækni. Lögð er áhersla á að bæta búsetuskilyrðin og efla byggðina með þeim styrkleikum sem eru til staðar. Áfram verði Dalabyggð sterkt landbúnaðarhérað með ríka hefð í úrvinnslu afurða og nýtingu hlunninda. Einnig verði búinn til frjór jarðvegur fyrir fjölbreytt atvinnulíf og ferðaþjónustu. Unnið verði að því að styrkja ímynd sveitarfélagsins og viðhalda sterkum innviðum, auk þess að varðveita sérkenni sem felast í landslagi, náttúru og menningarmínjum.



Snertifletir aðalskipulagsins við málefni fjölskyldunnar eru fjölmargir og taka m.a. til umgjardar menningar, skólastarfs, íþróttar og tómstundastarfs, lýðheilsu og þjónustu. Mikilvægt er að tekið sé mið af lýðfræðilegum breytingum til framtíðar, með fjölbreyttum húsnæðiskostum, svo sem hvað varðar húsaagerðir og stærðir, og fjölbreytt og sveigjanlegt húsnæði sem kemur á móts við þarfir íbúa svo sem með tilliti aldurs eða tekjuhópa.

Til umræðu um drög að leiðarljósum: Eru frekari ábendingar eða hugmyndir inn í gerð leiðarljósa?

Landbúnaðarsvæði og óbyggð svæði

Landbúnaðarland hefur ekki verið afmarkað á uppdrætti.

Í gildandi aðalskipulagi segir:

„Landbúnaður er grunnlandnotkun í allri Dalabyggð þar sem allt land innan staðarmarka sveitarfélagsins er nýtt til landbúnaðar og tilheyrir lögbýlum.“

Á gildandi skipulagsuppdrætti er nánast allt land sveitarfélagsins skilgreint sem *landbúnaðarsvæði* nema ef um aðra landnotkun er að ræða. Undantekningin er land innan þéttbýlismarka vestan þjóðvegjar, það er skilgreint sem *óbyggð svæði*. Líklega eru einnig eyjar almennt skilgreindar sem *óbyggð svæði*.

Það að skilgreina land sem *landbúnaðarsvæði* setur ákveðnar skorður. Um *landbúnaðarsvæði* gilda ákvæði Jarðalaga og Ábúðarlaga. Land sem skipulagt er sem *landbúnaðarsvæði* eða land sem nýtanlegt eða er nýtt til landbúnaðar, má ekki taka til annarra nota, nema heimild sé til þess í lögum, sbr. 6. gr. jarðalaga nr. 81 / 2004 m.s.br. Óheimilt er að breyta landnotkun á *landbúnaðarsvæði* sem er 5 hektarar eða stærra, nema leyfi ráðherra liggi fyrir.

Dæmi eru um að þetta ákvæði laganna hafi sett þróun þéttbýlis skorður sem og annarri uppbyggingu eða breytingu á stefnu. Landnotkunarflokkurinn *óbyggð svæði* útilokar ekki landbúnaðarlandnotkun, aðra en mannvirkjagerð, og getur því að mörgu leyti hentað betur á mörgum svæðum, þar sem breytingar eru þá einungis á hendi sveitarstjórnar.

Landnotkunarflokkurinn *landbúnaðarsvæði* er að öðru leyti með talsvert rúmar heimildir til uppbyggingar skv. skipulagsreglugerð, þ.e. svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu. Það er því ekki víst að svo rúmar heimildir eigi alls staðar við innan marka sveitarfélagsins. Með tilkomu *flokkunar landbúnaðarlands* eru þó settar ákveðnar skorður og heimildir skilgreindar nánar, sem gerir landnotkunarflokkinn meira viðeigandi á fleiri svæðum en áður.

Til umræðu um landbúnaðarsvæði og óbyggð svæði: Eftir sem áður er mikilvægt að íhuga vel hvar á við að skilgreina land sem *landbúnaðarsvæði* eða *óbyggð svæði* þannig að það skipulagið endurspegli stefnu sveitarfélagsins og sé í samræmi við áætlaða þróun til langs tíma.

Strandsvæði – eyjalandslag

Hverfisvernd

Í aðalskipulagi Dalabyggðar eru sett ákvæði um hverfisvernd þar sem talin er þörf á að vernda, svo sem sérkenni eldri byggðar, náttúru- og menningarminjar og menningarlandslag. Hverfisvernd getur tekið til einstakra mannvirkja, reita, götuhluta, fornleifastaða eða sögulegra eða náttúrufarslega merkra staða. Framkvæmdir innan hverfisverndaðra svæða mega ekki raska þeim þáttum sem verndin tekur til. Í Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 voru níu hverfisvernduð svæði. Í endurskoðuðu aðalskipulagi er gert ráð fyrir öllum núverandi hverfisverndarsvæði með uppfærðri afmörkun.

Til umræðu um stefnu Dalabyggðar um hverfisvernd: Spurningin er hvort það er vilji til að hverfisvernda fleiri svæði. Þar kæmu til álita stærri svæði með sjávarfitjar og leirur, mögulega einnig strandsvæði



Skarðstrandar að botni Gilsfjarðar (stök svæði eða ströndin sem heild). Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skilgreint mikilvæg fuglasvæði, sbr. tillögu að B-hluta náttúruminjaskrár. Í Dalabyggð eru einnig mikilvæg menningarmínjasvæði og staðir (Sturlureitur, gamlir verslunarstaðir við ströndina o.fl.) en í flestum tilfellum eru þessir staðir menningarseglar. Eina nútímahraunið í Dalabyggð er Stóri-Langidalur og spurning hvort hann ætti að njóta hverfisverndar. Hið sama gildir um svæði þar sem er friðlýst æðarvarp, en með því að setja á hverfisvernd mætti betur taka utan um skipulag þeirra svæða.

Frístundabyggð

Í lok árs 2019 voru 129 frístundahús í Dalabyggð og hafði þeim fjölgað um 36 frá árinu 2000 samkvæmt gögnum Þjóðskrár Íslands. Á milli árana 2018 og 2019 fækkaði þó frístundahúsum um 19 en ekki er ljóst hvað olli því, mögulega breyting á skráningu húsanna.

Í gildandi aðalskipulagi fyrir frístundabyggð segir:

3.2.8 Svæði fyrir frístundabyggð

Markmið:

- *Gæta skal umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða fyrir frístundabyggð.*
- *Ný sumarhúasvæði eru deiliskipulagsskyld og frekari uppbygging á eldri frístundabyggðarsvæðum er háð því skilyrði að hún verði í samræmi við skipulag.*
- *Á nýjum svæðum skulu lóðir jafnan verða á stærðarbilinu 0,5 - 2 ha og nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03.*
- *Leyfilegt að byggja allt að 3 sumarhús á landbúnaðarsvæðum á lögbýlum, sem eru stærri en 70 ha, án þess að skilgreina þurfi svæðið sem frístundabyggð í aðalskipulagi*

Leiðir:

- *Áður en deiliskipulagsvinna hefst skal gera úttekt á forminjum á viðkomandi svæði og leita umsagnar Fornleifaverndar ríkisins.*
- *Gera skal úttekt á náttúrfari áður en deiliskipulagsvinna hefst til að koma í veg fyrir að mikilvæg gróðursvæði s.s. votlendi eða tegundir á valista verði fyrir áhrifum framkvæmda.*
- *Þar sem frístundabyggð er þegar á svæði sem vaxin eru upprunalegu birkikjarri skal gæta þess að ekki verði hrufað við birkiskógum við frekari framkvæmdir.*
- *Ný frístundabyggðarsvæði skulu vera fyrir utan eða í jaðri náttúrulegra birkiskóga eða kjarri vaxinna staða.*
- *Dalabyggð mun hafa frumkvæði að bjóða upp á lóðir undir frístundabyggð..*

Auk almennra ákvæða um allt að 3 sumarhús á landbúnaðarsvæðum á lögbýlum eru skilgreind 35 sumarhúasvæði með fjölda lóða.

Til umræðu um frístundabyggð: Í fyrsta lagi þarf að spyrja sig hvort þessi áform í aðalskipulagi hafa gengið eftir og í öðru lagi hvort þetta sé skynsamleg stefna. Hver er stefna Dalabyggðar að þessu leyti? Er vilji til að fella frístundahúsabyggðina að því byggðamynstri sem er, þ.e. fáein hús á hverri jörð eða er heppilegt að hafa stór frístundahúshverfi?

Námur og námuskrá

Í námur.is, þ.e. skrá Vegagerðarinnar eru fjölmargar námur í Dalabyggð. Í gildandi aðalskipulagi segir um efnistökusvæði:

3.2.6 Efnistökusvæði

Markmið:



- Séð verði fyrir nægu framboði efnistökusvæða fyrir ýmiss konar byggingastarfsemi.
- Almennt er gert ráð fyrir sem fæstum en tiltölulega stórum efnistökestöðum.
- Öll efnistaka er framkvæmdaleyfisskyld og er stefnt að því að allar námur hafi framkvæmdarleyfi.

Leiðir:

- Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni..
- Þær námur sem eru skilgreindar í aðalskipulaginu eru til mismunandi nota og uppfylla fyrirhugaðar þarfir á skipulagstímanum.

Auk þessa er í aðalskipulaginu lýsing á lagaumgjörð efnistöku og almennar leiðbeiningar um efnistöku og efnistökusvæði.

Í aðalskipulaginu eru auk þess skilgreind 63 efnistökusvæði. Almennt séð er efnistaka framkvæmdaleyfisskyld. Það þarf að sækja um framkvæmdaleyfi áður en efnistaka hefst nema um sé að ræða minniháttar efnistöku landeiganda eða umráðamanns eignarlands til eigin nota, sem ekki raskar náttúruverndarsvæði eða jarðmyndunum eða vistkerfum sem njóta sérstakrar verndar.

Til umræðu um námur: Hér þarf að spyrja sig hvort breytinga er þörf á stefnu aðalskipulags?

Reiðleiðir

Í gildandi aðalskipulagi eru megin reiðleiðir og aðrar reiðleiðir (eingöngu til skýringar) merktar inn á aðalskipulagsupprátt. Í greinargerð aðalskipulagsins segir:

3.4.3 Reiðstígar

Markmið:

- a. Meginreiðleiðir verði greiðfærar allt árið og malarbornar þar sem þess gerist þörf.
- b. Þess verði gætt að umferð hestamanna valdi sem minnstum spjöllum á gróðurlendi og sögu- og náttúruminum.

Leiðir:

- Áfram verði unnið að því að færa reiðleiðir frá þjóðvegum þar sem því verður við komið.
- Byggt verði upp skilvirkt reiðstígakerfi í samvinnu við félag hestamanna og Vegagerðina.

Meginreiðstígar tengja saman byggð og heiðalönd, en eru jafnframt reiðleiðir milli byggða innan héraðsins. Margar þessara leiða eru mikið notaðar, bæði í atvinnuskyni og til almennrar útivistar. Góðar reiðleiðir eru mikilvægar fyrir viðgang og vöxt ferðaþjónustu í Dalabyggð. Nýjar reiðleiðir hafa verið skilgreindar í samvinnu við landeigendur, Hestamannafélagið Gláð og Vegagerðina og aðra hagsmunaaðila.

Auk meginreiðstíga eru ýmsar aðrar reiðleiðir sem eru einungis sýndar til leiðbeiningar á skipulagsupprætti. Margar þessara leiða eru einungis færar hluta úr ári og sum staðar þarf að hafa samráð við landeigendur um notkun þeirra. Yfirlit yfir reiðstíga í Dalabyggð er sýnt á þemaupprætti í kafla 3.5.

Í Svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar er auk þess fjallað um reiðleiðir og lagt til að útfæra um það stefnu í aðalskipulagi.

Til umræðu um reiðleiðir: Spurningin er hér hvaða stefnu á að marka um reiðleiðir í Dalabyggð. Lagt er annars vegar til að helstu reiðleiðir verði á skipulagsupprætti og um þá verði sett stefna og sértæk



ákvæði sbr. skipulagsreglugerð. Í stefnu aðalskipulagsins verði hinsvegar leiðsögn hvernig farið skuli með gerð annarra reiðleiða og þær verði ekki á skipulagsupprætti.

Gönguleiðir

Í gildandi aðalskipulagi eru gönguleiðir merktar inn á aðalskipulagsupprátt. Í greinargerð aðalskipulagsins segir:

3.4.4 Göngustígar

Markmið:

Stuðlað verði að almennri útivist í Dalabyggð og stutt við uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu.

Leiðir::

- *Halda skal áfram merkingu gönguleiða í samstarfi við áhugamannafélög og aðila í ferðaþjónustu.*

Margar fornar þjóðleiðir eru í sveitarfélaginu. Helstu gönguleiðir að Laugum í Sælingsdal og nágrenni eru sýndar á skýringarmynd í kafla 3.5.

Ekki eru skilgreind ákvæði í aðalskipulagi fyrir einstakar leiðir. Innan þéttbýlisins í Búðardal er skilgreint stofnkerfi göngustíga innan byggðar og hvernig stígakerfi tengist jaðarsvæðum byggðarinnar. Í Svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar er auk þess fjallað um gönguleiðir og lagt til að útfæra um það stefnu í aðalskipulagi.

Til umræðu um gönguleiðir: Spurningin er hér hvaða stefnu á að marka um gönguleiðir í Dalabyggð. Lagt er annars vegar til að helstu gönguleiðir verði á skipulagsupprætti, þ.e. þær leiðir sem gegna lykilhlutverki og sátt er um. Sett verði stefna og sértæk ákvæði sbr. skipulagsreglugerð.

Veitur

Lítið komið inn á upprátt, er verið að safna gögnum frá veitufyrirtækjum.

Skipulagsákvæði og takmarkanir

Almennt ekki komin ákvæði fyrir hvert svæði í töflum í köflum 16 og 17. Þau ákvæði sem eru í töflunum eru í flestum tilvikum þau sem eru í gildandi skipulagi eða breytingartillögum. Í sumum tilvikum eru drög að nýjum ákvæðum t.d. í samræmi við nýtt deiliskipulag. Engin ákvæði eru fullmótuð.